

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var stofnað með skipunarbréfi mennta- og menningarmálaráðherra 27. febr. 2013. Ráðið er samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og þriggja háskóla sem mennta kennara; Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Skipun ráðsins byggir á samstarfssamningi fyrrnefndra aðila frá 30. júní 2011 og tillögum í lokaskýrslu Samstarfsnefndar um símenntun kennara frá 15. okt. 2012.

Fagráðið skipa alls 19 fulltrúar, þrjár fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu auk formanns sem er skipaður af ráðherra án tilnefningar, fjórir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjórir frá skólastjórnendum, fjórir frá kennurum og þrjár frá háskólunum þremur sem standa að kennaramenntun.

Markmið fagráðsins er að vinna að stefnumörkun á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara á leik-, grunn-, framhaldsskólastigi og tónlistarskólum. Fagráðið er skipað til þriggja ára og verður staðan metin að þeim tíma liðnum og framhald ákveðið. Fagráðið fundar nokkrum sinnum á ári og skilar ráðherra árlega skýrslu um starf sitt.

Í skipunarbréfi fulltrúa fagráðs segir orðrétt um hlutverk og verkefni ráðsins:

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar yður hér með aðalmann í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara.

- Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun og starfsþróun kennara.
- Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfsþróun kennarastéttarinnar.
- Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun og starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.
- Ráðið leitar upplýsinga um helstu straua og stefnur varðandi þessi mál sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.
- Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfsþróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs starfar fimm manna stýrihópur, einnig geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Fulltrúar í fagráðinu og aðilar sem tilnefna þá:

Sigurjón Mýrdal * formaður	Mennta- og menningarmálaráðherra
Ársæll Guðmundsson *	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Björg Pétursdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Magnús Lyngdal > Björk Óttarsdóttir	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Gunnar Gíslason *	Samband íslenskra sveitarfélaga
Ragnheiður E. Stefánsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Björn Þráinn Þórðarson > Sigurbjörn Marinósson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Klara E. Finnbogadóttir > Þórður Kristjánsson *	Samband íslenskra sveitarfélaga
Jón Torfi Jónasson * > Edda Kjartansdóttir * > Jón Torfi Jónasson * > Guðný Helga Gunnarsdóttir *	Háskóli Íslands
Guðmundur Engilbertsson	Háskólinn á Akureyri
Kristín Valsdóttir	Listaháskóli Íslands
Björg Bjarnadóttir * > Aðalheiður Steingrimsdóttir *	Félag leikskólakennara
Svanhildur M. Ólafsdóttir *	Skólastjórafélag Íslands
Guðbjörg Ragnarsdóttir	Félag grunnskólakennara
Anna María Gunnarsdóttir	Félag framhaldsskólakennara
Ingibjörg Kristleifsdóttir *	Félag stjórnenda leikskóla
Ólafur H. Sigurjónsson > Steinunn Inga Óttarsdóttir > Sigríður Huld Jónsdóttir	Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Haraldur Árni Haraldsson	Samtök tónlistarskólastjóra
Sigrún Grendal	Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

* Þeir sem setið hafa í stýrihópi

Starfsmaður fagráðsins, Sólrún Harðardóttir, var ráðinn í 50% starf í maí 2014. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar þá stöðu. Starfsmaðurinn hefur vinnuáðstöðu hjá Menntamálastofnun. Starfsmaðurinn starfar náið með fagráðinu, stýrihópi og vinnuhópum fagráðsins.

Á vegum fagráðs starfar sex manna stýrihópur. Auk þess hafa starfað nokkrir vinnuhópar á þess vegum að afmörkuðum verkefnum eins og kemur fram í fylgiskjali 4. Í stýrihópnum eru auk formanns tveir fulltrúar Kennarasambands Íslands, einn fulltrúi háskóla sem mennta kennara, einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í listanum hér að ofan eru þeir stjórnmerktir sem setið hafa í stýrihópnum.

Á starfstímanum hefur fagráðið fundað alls þrettán sinnum og stýrihópur 41 sinni. Fundargerðir og minnispunkta frá þessum fundum má finna á slóðinni:
<http://starfsthrounkennara.is/fundargerdir/>

Áður en fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var skipað unnu aðilar fagráðsins saman í eftirtöldum nefndum og hópum um starfsþróun kennara:

- Nefnd um endurskipulagningu endurmenntunar kennara 2009-2010

Nefndinni var ætlað að fjalla um mögulega endurskipulagningu á endurmenntun kennara í ljósi nýrra laga og breytinga á skipulagi kennaramenntunar. Nefndin skyldi huga að samfellu í skólalstarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru, nánari tengingu endurmenntunartilboða við almenna kennaramenntun og möguleikum kennara á að sækja endurmenntun á fagsviði.

Niðurstöður voru settar fram sem markmið og tillögur um næstu skref. Lagt var til að mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband Íslenskra sveitarfélaga, háskólarnir sem mennta kennara og kennarasamtökin gæfu út viljayfirlýsingu um samvinnu og þróun samstarfsvettvangs sem kortlegði þá símenntun kennara sem þá átti sér stað og legði línur um stefnumótun hennar til framtíðar. Unnið yrði að því að efla símenntun kennara þvert á skólastig og ráðuneytið ásamt háskólum landsins ynnu að því að auðvelda kennurum að sækja símenntun til háskóla. Auk þessa yrði gerð viljayfirlýsing um samvinnu um sameiginlega upplýsingagiöf á vefsvæði.

- Vinnuhópur 2011

Í kjölfar starfs nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara var stofnaður vinnuhópur til að leggja til þau skref sem þyrfti að stíga til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem í skýrslunni birtust.

Hópurinn lagði til að ákveðin verkefni yrðu sett í forgang, s.s. kortlagning á framboði símenntunar, skilgreining hugtakanna símenntun og starfsþróun, stefnumótun til að gera kennurum kleift að sækja sameiginleg námskeið óháð skólastigum og upplýsingaveita á netinu um möguleika kennara til símenntunar. Vinnuhópurinn undirritaði viljayfirlýsingu um að setja á fót samstarfsnefnd sem fjallaði um ákveðna verkþætti.

- Samstarfsnefnd um símenntun 2011-2012

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Listaháskóli Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga samþykktu sérstaka viljayfirlýsingu um samstarf á sviði símenntunar og formleg samstarfsnefnd þessara aðila var stofnuð með það að markmiði að vinna að verkefnum á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Helstu verkefni voru þessi:

a) Að samræma og flokka upplýsingar um símenntunartilboð fyrir kennara og koma á laggirnar upplýsingaveitu, b) Setja fram sameiginlegan skilning aðila á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara, c) Vinna að því að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þróunarverkefni, d) Greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu, e) Ræða þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar.

Samstarfsnefndin lagði til í lokaskýrslu sinni að fagráð yrði stofnað.

Vinna fagráðs og viðburðir á vegum þess

Skýrsla sú sem hér birtist er byggð á margháttuðu starfi fagráðsins frá stofnun þess 27. febrúar 2013. Skýrslan vísar til ýmissa gagna sem orðið hafa til í vinnu fagráðsins, vinnuhópa á þess vegum, funda, ráðstefna og upplýsinga sem hefur verið aflað.

Á starfstímanum hefur fagráðið fundað alls þrettán sinnum og stýrihópur 41 sinni. Fundargerðir og minnispunkta frá þessum fundum má finna á slóðinni:
<http://starfsthroukennara.is/fundargerdir/>

Hugtök

Fagráðið kom sér snemma saman um skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun (sjá bls. 3). Einnig hefur oft verið fjallað um hugtakið lærdómssamfélag, án þess að fagráðið hafi sett niður sérstaka skilgreiningu á því (sjá bls. 19).

Opinn fundur um fagráðið

Fagráðið var kynnt á opnum fundi í nóvember 2014. Skipulögð var umræða á fundinum þar sem fólk gat komið ábendingum til fagráðsins um starf þess og verkefni.

Fjármál og sjóðir

Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) gerði greiningu á sjóðaumhverfi starfsþróunar kennara að beiðni fagráðsins. Vinnuhópur á vegum þess fjallaði um skýrsluna og lagði fram ákveðnar tillögur til umfjöllunar í fagráðinu.

Future Teachers

Ráðstefnan *Future Teachers a Profession at Crossroads* var skipulögð af fagráðinu, en haldin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni voru Andy Hargreaves, Pasi Sahlberg og Sigrún Aðalbjarnardóttir. Margt kom fram á ráðstefnunni sem skilaði sér inn í vinnu fagráðsins. Vinnuhópur á vegum þess vann sérstaka greinargerð um ráðstefnuna í samhengi við hlutverk fagráðsins.

Þarfir fyrir starfsþróun

Vinnuhópur á vegum fagráðs skilaði af sér greinargerð um þetta efni og lagði þar til grundvallar alþjóðlegu rannsóknina TALIS á viðhorfum kennara og skólastjórna til starfsaðstæðna og starfsþróunar þeirra. Í samvinnu við Námsmatsstofnun (síðar Menntamálastofnun) voru settir á fót nokkrir rýnihópar kennara og skólastjórna í grunnskólum og framhaldsskólum til að fá enn skýrari mynd af vissum þáttum í niðurstöðum TALIS. Einnig voru stofnaðir rýnihópar kennara og stjórna í leikskóla og tónlistarskóla í sama tilgangi.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur

Aðilar fagráðsins ræddu ákveðnar spurningar um hlutverk, ábyrgð og skyldur þeirra varðandi starfsþróun kennara. Jafnframt var haldinn opinn fundur um málefnið og efnt til umræðu um ákveðin svið. Umræða þessi nýttist vel í starfi fagráðsins.

Það verður hverjum að list sem hann leikur - Ráðstefna um starfsþróun á Akureyri.

Fagráð í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar HA hélt ráðstefnu um starfsþróun kennara í apríl 2014. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru Kari Smith, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi, Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands og Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Á ráðstefnunni voru haldnar málstofur, m.a. samræðulota um starfsþróun í umsjón fagráðs.

Kennaramenntun

Vinnuhópur á vegum fagráðs fjallaði um kennaramenntun og lagði til að menntun kennara yrði skilgreind og skipulögð sem heildstæð og starfsævilöng. Með því myndist samfella og sterkari tengsl milli grunntenntunar, formlegrar menntunar og starfsvettvangs. Nauðsynleg forsenda heildstæðrar ævimentntunar kennara er stoðkerfi til að tryggja aðstæður og tækifæri til starfsþróunar alla starfsævina og til að fylgja henni eftir.

Lög, reglugerðir, námskrár, kjarasamningar

Kennarasambandið tók saman yfirlit um hvernig starfsþróun birtist í opinberu regluverki og kjarasamningum. (Sjá <http://starfsthrounkennara.is/log-reglugerdir-adalnamskra-og-kjarasamningar/>)

Upplýsingatækni

Aflað var upplýsinga í viðtölum við sérfræðinga um áhrif nýrrar tækni á kennarastarfið og skólustarfið og á starfsþróun kennara. Einkum var sjónum beint að samskiptum í gegnum vefmiðla. Tækninýjungar geta haft mikilsháttar áhrif á skólustarf. Um þetta er frekar fjallað í kaflanum um form og innihald starfsþróunar bls. 16.

Starfendarannsóknir

Starfendarannsóknir kennara eru nátengdar fagmennsku og starfsþróun þeirra. Aflað var upplýsinga um starfendarannsóknir í menntakerfinu með viðtölum við nokkra sérfræðinga um málefnið til þess að skýra betur þessi tengsl.

Upplýsingaveita

Gerð upplýsingaveitu um fræðslutilboð til kennara um starfsþróun var vel á veg komin í upphafi starfstíma fagráðsins. Fagráð, eða ritnefnd á þess vegum, hélt áfram þróun veitunnar og í mars 2015 var hún formlega opnuð af mennta- og menningarmálaráðherra. Upplýsingaveitan er áfram í þróun, en almenn umsýsla er í höndum starfsmanns.

starfsthrounkennara.is

Á vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, starfsthrounkennara.is, er haldið utan um gögn, minnisþykta og fundargerðir fagráðsins. Vinnugögn eru á lokuðu vinnusvæði. Á vefnum er einnig fréttatflutningur og ýmis fróðleikur um starfsþróun kennara. Þar eru líka hagnýtar upplýsingar fyrir kennara s.s. listi yfir sjóði sem styrkja starfsþróun og krækja í upplýsingaveitu sem auglýsir fræðslutilboð til kennara.

Nýliðar og starfstengd leiðsögn

Hópur á vegum fagráðsins aflaði upplýsinga um nýliða og þarfir þeirra fyrir starfstengda leiðsögn. Skipulagður var samræðufundur með nokkrum sérfræðingum um málefnið þar sem fjallað var um þennan hóp kennara, auk leiðsagnarkennara. Þess má geta að stuðningur við nýliða er minni héraendis en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum

Fagráðið hefur safnað saman nokkrum upplýsingum um fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum í þeim tilgangi að læra af þeim en jafnframt rökstyðja þær leiðir sem gerðar verða tillögur um. T.d. átti formaður fagráðsins sæti í nefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem stofnað var til í framhaldi af ráðstefnunni Future Teachers. Viðfangsefni nefndarinnar voru m.a. tilhögun kennaramenntunar, gæði hennar, hæfni þeirra sem mennta kennara, fagmennska skólustjórnenda, samstarf háskóla við starfsvettvang og mismunandi leiðir inn í kennarastarfið. Dæmi frá alþjóðlegri umræðu má sjá á vef fagráðsins: <http://starfsthrounkennara.is/yomislegt/>

FYLGISKJAL 5

Greinargerð vinnuhóps um *Future Teachers - A Profession at Crossroads*

STARFSÞRÓUN KENNARA – Greining á sjóðaumhverfi

Skýrslan var unnin fyrir fagraðið af Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og er aðgengileg á eftirfarandi slóð:

http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2014/starfsthroun-kennara-greining-sjoda_13.02.15.pdf

FYLGISKJAL 7

Greinargerð vinnuhóps um fjármál og sjóði

FYLGISKJAL 8

Greinargerð vinnuhóps um þarfir fyrir starfsþróun

FYLGISKJAL 9

Greinargerð vinnuhóps um kennaramenntun og stoðkerfi

FYLGISKJAL 10

Fundargerð frá fundi um starfendarannsóknir

FYLGISKJAL 11

Fundargerð frá fundi um nýliða í kennslu og starfstengda leiðsögn